

Íslenzkur stóll fær gullverðlaun á alþjóðlegri sýningu

Dagana 31. til 11. júní s. l. var haldin alþjóðleg handiðnaðarsýning í München í Þýskalandi, og var hún opnuð af Erhard, fjármálaráðherra Vestur-Þýskalands. Félag húsgagnaarkitekta sá að þessu sinni um deild Íslands, en vörusýningarnefnd hafði milligöngu um þátttöku Íslands í sýningunni.

Í deild Íslands, sem var 42 fermetrar, voru sýnd húsgögn, keramik, væðarvoðir, gærur, myndyefnaður, silfur, smelti, trévinna og húsgagnaakældi.


Sýningarmunir þessir voru valdir af sýningu félagsins „Húsgögn 1961“, sem haldin var um páskana í vetur. Þriggja manna nefnd, en í henni voru Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt, Leifur Kaldal gullsmíður og Kjartan A. Kjartansson húsgagnaarkitekt, valdi eftirtalda muni til sýningarinnar: Skrifborð frá smíðastofu Jónasar Sólmundssonar og sófaborð frá Friðriki Þorsteinssyni, hvort tveggja teiknar af Þorkeli Guðmundssyni, borðstofustóll frá Trésmíðjunni Víði, teiknuður af Halldóri Hjálmarssyni, stálstól frá Benedikt Guðmundssyni, teiknuður af Jóni og Guðmundi Benediktssonum, skrifborðsstól og hægindastól frá Friðriki Þorsteinssyni og Ásgrími P. Lúðvíkssyni, báða teiknaða af Gunnari H. Guðmundssyni, keramik frá Glit h.f. teiknað af Ragnari Kjartanssyni og Steinunni Marteinsdóttur, væðarvoðir frá Álafossi, teiknaðar af Ásgerði Ester Búadóttur, en eftir hana voru einnig veggteppi, silfurskeið frá Guðlaugi Magnússyni, smíðuð af Reyni Guðlaugssyni, servíettu-

hringi, smíðaða og teiknaða af Kjartani A. Kjartanssyni og húsgagna áklæði og gærur frá Gefjuni og Iðunni, Akureyri.


Gengið var frá fyrirkomulagi sýningarinnar hér heima, en Hjalti Geir Kristjánsson sá um Geir sá um uppsetningu og hafði umsjón í München. Íslenzkir náms-

menn þar, aðstoðuðu hann á margvislegan hátt.

Sá ánægjulegi atburður gerðist, að stóll, sem teiknaður er af Gunnari H. Guðmundssyni og framleiddur af Friðriki Þorsteinssyni og Ásgrími P. Lúðvíkssyni, hlaut gullverðlaun, sem veitt eru af stjórn (Framhald á 2. síðu)



Stóll, teiknaður af Gunnari H. Guðmundssyni og smíðaður hjá Friðriki Þorsteinssyni og Ásgrími P. Lúðvíkssyni, er hlaut gullverðlaun á handiðnaðarsýningu í München.



Úr íslenska sýningarsalnum í München.

Verkföll og óeirðir í Alsír

Strætisvagnastjórar hafna. — Verkamenn hafa gert verkfall að undirlagi uppreisnarmanna til að mótmæla skiptingu Alsír

NTB — Algeirsborg, 1. júlí. — Strætisvagnabíllstjórar í Algeirsborg hófu í morgun verkfall að undirlagi uppreisnarmanna, að því er fréttir herma. Mun vera gripíð

til þessara aðgerða til að mótmæla því, að Alsír verði skipt.

Hafnarverkamenn gerðu einnig verkfall, og búðum Múhammedstrúarmanna var lokað í mótmæla-

skyni við hina fyrirhuguðu skiptingu landsins.

Margir áreksstrar urðu, og í einu hverfinu biðu þrír Múhammedstrúarmenn bana í viðureign við franska lögreglumenn.

Þá hefur útlagastjórn Serkja í Túnis boðað allsherjarverkfall Serkja í Alsír á miðvikudaginn kemur, til þess að mótmæla skiptingu Alsír.

Bretar flytja her til Kuwait

Írakshersveitir hafa fengið skipun um að nálgast landamæri Kúwait

NTB—London, Bagdad, 1. júlí.

Utanríkisráðherra arabíska sambandslýðveldisins skýrði frá því í gærkvöldi, að samkvæmt þeim fréttum, sem stjórninni hefðu þrýst, benti allt til þess, að hersveitum í Írak hefði verið skipað að nálgast landamæri Kúwait. Sagði ráðherrann, að ýmsir hópar manna í höfuðborginni Bagdad í Írak hefðu innrás í huga, og beindi ráðherrann þeim tilmælum til stjórnarinnar í Írak, að hún ígrundaði þetta ástand vandlega og gerði ekki neitt, sem rofið gæfi einingu Araba. Hins vegar kvaðst ráðherrann harma viðbúnað brezka flotans í nánd við Kúwait.

Í frétt frá Kúwait segir, að sézt hafi tvær brezkar freigátur skammt undan strönd landsins. Þá er þess einnig getið, að stofnaðar hafi verið sveitir sjálfboðaliða í

Kúwait, og eiga þær að vera reiðubúnar að gripa til vopna.

Herflutningar Breta

Bretar hafa látið flytja nokkrar sveitir hermanna frá Kýpur til Aden, og er þessi ráðstöfun gerð í varúðarskyni, að því er segir.

Framkvæmdastjóri Arababandalagins fór í dag flugleiðis til Bagdad, en búist er við, að hann fari þaðan til Kúwait á morgun eða hinn daginn.

Í morgun var tilkynnt í Lundúnum, að brezkar hersveitir hefðu verið sendar til Kúwait að heiðni þjóðhöfðingjans þar. Sagði í frétt þessari, að hersveitirnar yrðu þegar fluttar á brott aftur frá Kúwait, er þjóðhöfðingi landsins teldi, að hætta sú, sem nú ógnaði öryggi landsins, væri liðin hjá.

Ekki er vitað, hversu margir hermenn voru settir á land í Kúwait, en hersveitirnar fóru með flugvélastípi, en á því munu vera 600 landgönguliðar.

Utanríkisráðherra Saudi-Arabíu er staddur í Kaíró til viðræðna við stjórnina þar. Mun hann ræða við hina ýmsu ráðherra stjórnarinnar um Kúwait-málið og hið uggvænlega ástand þar.

Gott útlit á miðunum

Eftir miðjan dag í gær, 9 skip með 5800 tonn

nokkru áður en blaðið fór í prentun, voru horfur góðar á sildarmiðunum fyrir norðan, og hafði lægt ölduna, sem haldist hafði frá því í kastinu aðfaranótt föstudagsins.

Síldin hélt sig á sömu slóðum en stóð yfirleitt djúpt. Hún óð ekki, en sjómenn köstuðu á hana á um það bil 30 fæðma dýpi. Hæg sunnanátt var á og hið bezta veður.

Allmörg skip höfðu um þetta leyti dags tilkynnt afla sinn, en ekki lá fyrir skýrsla um það hjá sildarleitinni. Fyrir klukkan 8 í gærmorgun höfðu 9 skip tilkynnt afla sinn, sem var 5800 tonn. Hæst þeirra voru Ólafur Magnússon með 900 tonn, Þórlákur með 900 og Ágúst Guðmundsson með 850.

Söltun stóð yfir víða á söltunarsstöðvum á Siglufirði og Raufarhöfn og nokkur skip á leið að landi með afla sinn. Síldin er svo feit, að hún hefur varla sézt betri.

Fárveikur í ofboði til Kaupmannahafnar

Í gær átti sér stað óvenju- legur sjúkraflutningur frá Grænlandi til Kaupmannahafnar. Grænlenskur maður var fluttur helsjúkur í ofboði og fór leiðina í þremur flugvélum þannig, að hver tók tafarlaust við af annarri.

Snemma í morgun barst flugmönnum Flugfélags Íslands í Syðri-Straumfirði beiðni um að fljúga með sjúkan Grænlending, er þyrfti að komast til læknis tafarlaust. Var maðurinn í Holsteinsborg, en þangað var hann sóttur í kanadískri Katalínaflugvél, sem einnig var í Straumfirði.

Áætlanarflugvél beið

Er sú flugvél kom til Straumfjarðar aftur, var leiguflygvl Flugfélags Íslands þar viðbúin, og eftir andartak var sjúklingurinn aftur í loftinu á leið til Reykjavíkur, en þangað kom flugvélin rétt fyrir klukkan 11. Þar beið áætlanarflugvél, sem fljúga skyldi leiðina Reykjavík—Osló—Kaupmannahöfn—Hamborg, og tafðist sú áætlun um hálfan annan tíma vegna þessa. Á flugvælinum í Reykjavík varð örstutt töf. Dr. Friðrik Einarsson læknir athugaði sjúklinginn og gaf þann úrskurð, að flytja skyldi hann tafarlaust áfram, og var það gert. Dönsk hjúkrunarkona fylgdi sjúklingnum.



Ljósmyndari TÍMANNS brá sér í alþingishúsið í gær eftir hádegis, þegar hnútar verkfallsins voru um það bil að rakna. Sumir aðilar höfðu þegar undirritað samningana, en aðeins biðu þess, að þeir gætu tekið sér pennann í hönd. Og með því að menn höfðu haft þarna langa vist, voru sumir að raka sig, áður en þeir færu út á götuna. Á stærri myndinni er hópur fulltrúa iðnaðarmanna og meistara, sem biða eftir lyktum samningsgerðarinnar, en hér til hliðar sést Óskar Hallgrímsson, formaður rafvirkjafélagsins, í óða-önn að raka sig.

Vegirnir verða lengi að ná sér

Aðalakvegirnir kringum Reykjavík hafa farið mjög illa út úr verkfallinu, sem kom í veg fyrir, að nokkuð væri dyttað að þeim í nærri mánuð. Máttu sumir þeirra heita ófærir og stórhættulegir flestum veikgerðari farartækjum, því að holurnar voru orðnar bæði stórar, djúpar og margar.

Undir eins, sömu nóttina og lausn fannst á verkfallinu, fóru heflar vegagerðarinnar af stað, og

Leiðrétting

Í grein eftir Svein Sveinsson frá Fossi, í blaðinu í gær, misritaðist nafn Bjarna Jónssonar læknis, og var hann kallaður Bjarni Jónsson. Er beðið velvirðingar á þessu.

í gær var búið að hefja alla helztu vegi í nágrenni bæjarins, sem verst voru leiknir, en það voru Reykjanesbraut suður fyrir Straum, austurleiðin upp að sýslumörkunum fyrir ofan Sand-skeið og Moðfellssveitarvegurinn upp að Álafossi. Annars þarf hér meiri muna við, að því er vega-málastjóri tjáði blaðinu í gær. Vegirnir eru svo illa farnir, að það tekur nokkurn tíma að koma þeim í amt lag með smáviðgerð-um hér og þar. Steypiregnið, sem kom í nótt, kom sér illa og gerir viðgerðarstarfið erfiðara.



Héraðsmót Framsóknarmanna á Austurlandi

Framsóknarmenn á Austurlandi halda sína árlegu héraðshátíð í Atlavík um næstu helgi (8. og 9. júlí).

Laugardagskvöldið kl. 9 hefst dansleikur. Fyrir dansinum leikur H.S.-sextettinn frá Neskaupstað.

Á sunnudaginn hefst svo aðal samkoman kl. 2. Meðal dagskrárliða verður: Ræður: Eysteinn Jónsson, alþm. og Helgi Bergs, verkfr. Árni Jónsson, óperusöngvari, syngur, Ómar Ragnarsson fer með gamanvisur og Ævar R. Kvaran leikari flytur sjálfvalið efni. Síðan verður dansað.

Mótatimbur - smíðatimbur

Fyrirliggjandi ýmsar breiddir og hvækkir af furu.

BYGGINGAVÖRUSALA S.Í.S.

við Grandaveg. Símar 17080 og 22648.

NÝ BÓK.

Sagnabættir

Benjamíns Sigvaldasonar, 3. hefti, kemur út á morgun. Þar sem upplagið er afar lítið, verður hún aðeins seld hjá útgefanda.

FORNBÓKAV. KR. KRISTJÁNSSONAR, Hverfisgötu 26. Sími 14179.

NÝ BÓK.

Sýruker

(Framhald af 1. síðu)

bóndann þar um svaladrykk. Fór bóndi heim eftir drykknum, en jötunninn varpaði af sér byrðinni og klappaði holi í móbergið með staf sínum á meðan hann beið. Sagði hann síðan bónda, að hann skyldi geyma sýru í keri því, er hann hafði gert þessa stund, og myndi hún hvorki frjósa né blandast vatni, en hundraðsmissir yrði í búi hans, ef hann vildi ekki nota kerid.

Í raun og veru hefur sýra verið geymd í kerinu um langan aldur. Er gert yfir það og er um litlar dyr inn að fara. Sjálft er kerid kringlótt og hálfkúlulaga, og sjást í því fótur eftir járn það, sem notað hefur verið til að höggva móbergið. Þótt vatn komist í það, situr það ofan á sýrunni, en blandast henni ekki.

Það er ein af reglum um umgengni við þetta dulmagnaða ker, að skipta verður árlega um sýru í því, ef ekki á illt að hljóta af.

Á Bergsstöðum býr aldraður bóndi, Sigurfinnur Sveinsson, og hefur hann oftast nær séð svo um, að þetta væri gert. Þó hefur það farið fyrir þremur sinnum, og segir dr. Haraldur í árbókinni, að í öll skiptin hafi hlotnast af stór óhöpp. Í eitt skiptið missti Bergsstaðabóndi 150 fjár, í annað fjóru tíu kindur og síðastliðið ár allar kýr sínar.

Íslenzkur stóll

(Framhald af 3. síðu.)

Bæjaralands. Af 30 gullverðlaunum, sem veitt voru á sýningunni, voru aðeins tvenn veitt fyrir hús-gögn, og hlaut Ísland önnur og Ítalía hin.

Sýningin vakti óskipta athygli, og kom bersýnilega fram mikill áhugi á íslenskum iðnaðarvörum.

Aðfarir refsins

(Framhald af 1. síðu.)

aði, að halda tóunni niðri og jafn vel útrýma henni alveg. Sama gildir um minninn, segir Tryggvi, nema varla muni gerlegt að losna alveg við hann. En fækka megi stofninum svo, að ekki þyrfti að verða stórtjón af honum. Það tefur oft mjög fyrir grenjaleit, þegar lítt eða óæfðir sportveiðimenn æða um og skjóta á báðar hendur. Þeir hafa ekki þá þekkingu né þolinmæði, sem þarf til að fást við hinn slægvittra ref. Það mun kosta um 30 þúsund krónur að koma sér upp þeim tækjum, sem til grenjaleitar þarf, fyrir utan hunda, sem Tryggvi nú í seinni tíð notar við refaveiðar, ekki síður en minninn. Oft fylgir þessu vösbúð og harðræði.

Einar, sonur Tryggva, skaut sinn fyrsta ref, þegar hann var 14 ára. Síðan hefur hann felt marga og aldrei geigað skot.

Við Tryggvi höfum gleymt okkur við frásagnir hans af ótrúlegum ævintýrum á fjöllum Íslands með byssu eða stöng á langri veiði mannsæfi.

Hvellt hróp Einars hinum meg in við ána vekur okkur til veruleikans á ný. Við lítum upp. Það syngur í hjólinu, þegar línan rennur út. Í vatnsskorpunni glitrar á ugga, og nú lyftir fiskurinn sér, sílfurgljáandi og steltur. Það bregður eitt andartak fyrir stoltu blíki í auga Tryggva, þegar hann sér handtök sonar síns, síðan varfærni hins vana veiðimanns. En pilturinn veit hvað á að gera. Stundarkorni síðar dregur hann að landi níu punda hæng. Fyrsti lax sumarsins. A.P.

Rússar

(Framhald af 1. síðu.)

utanríkisráðherra Sovétríkja, tilkynnti brezka sendiherranum í Moskvu strax í marzmánuði, að sovézka stjórnin hefði í hyggju að segja samningnum upp.

Samningurinn, sem gerður var 1956, tók gildi þann 12. marz 1957. Fól hann í sér leyfi fyrir brezka togara til þess að mega stunda fiskveiðar allt inn að þriggja mílna landhelgi, en fiskveiðilögsaga Sovétríkjaanna er 12 mílur, eins og kunnugt er.

Ákvæði voru í samningnum um það, að hvort ríki um sig mætti segja upp samningnum einu ári áður en gildistími hans væri útrunninn, en hann var 5 ár. Brezka stjórnin hefur þegar látið þá ósk sína í ljós, að nýjar samninga-veiðræður hefjist milli hennar og Sovétríkjaanna, og fullt er í London, að Sovétríkin séu fús til þess að hefja samningaviðræður, en engin opinber tilkynning hefur enn verið gefin út þess efnis í Moskvu.

Það er mál manna í London, að þessi uppsögn Sovétríkjaanna á fiskveiðisamningnum standi í nánu sambandi við viðurkenningu Bretala 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslandinga, sem kemst í framkvæmd eftir nokkur ár, eins og sagt er orðrétt í þessari frétt frá NTB.

Vökunætur

(Framhald af 16. síðu.)

Þorkell virðist enn vera í fullu fjöri, þótt hann sé orðinn 82 ára, a.m.k. lét hann ekki sitt eftir liggja í smalamennskunni. Hann segir að flest sé þetta fé frá Litla-Botni, en þar voru á 3. hundrað ær á föðrum í vetur. Einnig er hér allmargt frá Stóra-Botni, enda eru menn þaðan í smöluninni hér. Einn maður er hér líka frá Þyrli. Þar var rúði í gær, og eru nokkrar ær þaðan komnar hér í hópinn. Bændur um þessar slóðir hafa samvinnu um rúninginn, hjálpa hver öðrum við smölun og rýja allt fé, sem kemur í þeirra rétt. Smalafólkið heldur heim til bæjar. Það er orðið mál að fá sér matarbita. Smölunin hófst um hádegis, og nú er dagur að kvöldi kominn. Ekki verður byrjað að rýja fyrr en eftir góða stund. Lömbin eru öll ómörkuð og verða því að fá tíma til að finna maður sínar, svo hægt sé að marka þau réttu marki.

— Áður fyrr, segir Þorkell, var alltaf rekið saman og markað, áður en smalað var til rúnings. Þá var heldur engin önnur vinna en við skepaurnar. Nú er ómögulegt að fá mann til þess. Þess vegna eru nú flestir horfnir að því ráði að hafa girðingu við réttina, eins og hér er, geyma féð þar, meðan lömbin eru að finna maður sínar, reka að í smáhópum, og marka síðan um leið og rúði er.

Meðan fólk borðar og drekkur í bænum, stýttir upp að mestu. Brátt verður tekið til við rúninginn. Honum verður ekki lokið fyrr en einhvern tíma á morgun, þótt unnið verði í alla nótt. Það eru nokkur handtök við að rýja 200 ær og marka enn fleiri lömb. Líklega verður þetta smáa vinnufólk, sem hér er, sofnað áður en morgnari. En enn er það fullt eftirtvænt ingar.

Bændurnir reka hópinn í réttina, draga eina ána inn í krók til þess að rýja hana. Einn heldur í hana, annar er handfljótur að klippa af henni reyfið. Lambið, sem elt hefur móður sína, fylgist undrandi með þeirri breytingu, sem skyndilega verður á henni. Hún, sem áður var svo stór og lagðsið, er nú allt í einu orðin eitt hvað undarleg, mjóslegin og höfuðstór. Og ekki tekur betra við, þegar lambið er gripið og klippt úr eyra þess, svo að blóð rennur niður kjammana. Það hristir hausinn og kann ekki almennilega við þetta. Svo nasar það af þessari nýju og undarlegu móður. Eitt hvað kannast það við lyktina, og þegar það er komið á spennann og sýgur volga móðurmjólkina, er enginn vafi á því lengur, að allt er eins og það á að vera.

Ullarreyfinu er fleygt á réttarvegginn. Þar hlaðast þau upp, verða síðan sett í poka og send í kaupstaðinn. Þar verða þau vegin og unnin, og þar eiga þau eftir að breytast í alls konar vefnað. Það er ekki gott að segja.

En blaðamenn og ljósmyndarar mega ekki vera að því að rýja fé í alla nótt, þótt það gæti svo sem verið nógu gaman. Þess vegna kveðja þeir fólk og fé og halda burt frá réttinni.

Jarmur fénaðarins og kliðurinn frá réttinni fylgir þeim á leið og ómar í eyrum þeirra, þótt hann í reynd sé langt að baki. Á einhvern dularfullan hátt flytur hann blaðamanninum löngu liðinn rúningsdag, þegar hann var sjálfur barn og átti í réttinni heimsins fallegasta lamb.

Það lamb er víst löngu horfið, og slíkir rúningsdagar koma aldrei aftur. En í minningunni verða þeir alltaf til og vitja manns á einhverjum öðrum rúningsdegi í einhverri annarri rétt, eða jafnvel aðeins við hljóð hinna gömlu töfraorða: Einu sinni var

— Rún.